


Akureyri 5. apríl 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá iðnaðarnefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2020, 467. mál.** Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings tekur undir efni tillögunnar. Stjórnin tekur sérstaklega undir það sem fram kemur undir b-lið í meginmarkmiðum um að lengja ferðamannatímabilið, minnka árstíðasveiflur og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er það álit ferðaþjónustuaðila á Norðurlandi að nýta beri Akureyrarflugvöll í auknum mæli sem millilandaflugvöll til að ná því markmiði. Þetta þýðir m.ö.o. að bæta þarf við innkomustað í landið. Telja verður óraunhæft að reikna með dreifingu ferðamanna út um land yfir vetrarmánuðina meðan flugi er eingöngu beint til Keflavíkur. Ástæður þess eru einkum annars vegar að dvalartími ferðamanna er mun styttri að vetri en sumri og ferðamenn því ekki tilbúnir að eyða af þeim tíma í lengri ferðalög innanlands. Hin megin ástæðan er mikill aukakostnaður sem fylgir flugi innanlands. Auk þessa leggur stjórnin áherslu á mikilvægi þess að byggðir verði upp þeir innviðir sem þarf til móttöku aukins fjölda ferðamanna um allt land eins og fram kemur í tillögunni.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónsson
framkvæmdastjóri